

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1993

7. maí 1993

189

Nr. 41

FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 116. löggjafarþings, frá 7. maí 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.

7. maí 1993

Nr. 42

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 7. maí 1993.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.